



## Fundargerð

56. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshöfnar, haldinn að Tjarnargötu 12  
29. nóvember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Guðni Ívar Guðmundsson boðaði forföll.

\* \* \*

### 1. Fjármál sjálfbærnisráðs 2024 og undirbúningur fyrir 2025 (2024050440)

Farið yfir fjármál sjálfbærnisráðs og nýtingu fjármagns til áramóta.

Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnisfulltrúa er falið að vinna áfram í málinu.

### 2. Heimsókn til sorporkustöðva í Finnlandi (2024080177)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður sjálfbærnisráðs og Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi sögðu frá heimsókn til sorporkustöðva í Finnlandi, en þær ásamt Ríkharði Ibsen voru fulltrúar Reykjaneshöfnar í ferðinni. Fulltrúar frá sveitarfélögum á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kadeco, Isavia, Sorpu, Kölku, Sorpurðun Vesturlands og Víkurfréttum fóru í ferðina til að kynna sér starfsemi tveggja sorporkustöðva.

### 3. Lýðræðisstefna Reykjaneshöfnar (2023030124)

Farið yfir næstu skref í vinnu við gerð lýðræðisstefnu.

### 4. Reykjaneshöfn - áætlun um meðferð og flokkun úrgangs (2023110128)

Áætlun Reykjaneshöfnar um móttöku úrgangs og farmleifa var samþykkt í atvinnu- og hafnarráði Reykjaneshöfnar 14. nóvember sl. og var afgreiðsla ráðsins staðfest í bæjarstjórn 19. nóvember. Sjálfbærnisráð kom að vinnslu áætlunarinnar með atvinnu- og hafnarráði og sviðsstjóra atvinnu- og hafnarviðs.

Sjálfbærnisráð lýsir ánægju með áætlunina. Starfsfólk og kjörin ráð sveitarfélagsins eru hvött til að hafa samráð við sjálfbærnisráð þegar kemur að málefnum sem tengjast sjálfbærni.

### 5. Kosningar og fyrirkomulag (2024010180)

Rætt um áframhaldandi greiningu á kosningaþátttöku og hugmyndir ráðsins að næstu kosningaskýrslu.

**6. Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2019090067)**

Umhverfis og skipulagsráð óskar eftir umsögn sjálfbærnisráðs um samþykkt um skilti í lögsögu Reykjanesbæjar.

Formaður sjálfbærnisráðs mun taka saman athugasemdir frá nefndarmönnum ef einhverjar eru og koma þeim til skila.

**7. Samþykkt um götu- og torgsölu - drög til umsagnar (2024090334)**

Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögn sjálfbærnisráðs um samþykkt Reykjanesbæjar um götu og torgsölu.

Formaður sjálfbærnisráðs mun taka saman athugasemdir frá nefndarmönnum ef einhverjar eru og koma þeim til skila.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:47.